

Mál nr. 327/2016
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar veitingastaðarins X.

Líkamstjón á veitingastað 21. mars 2015.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 5.10.2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V, dags. 12.10.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið staddur á veitingastað X sem viðskiptavinur þegar þjónn staðarins hafi snúið sér skyndilega við með þeim afleiðingum að M hrasaði um annan fót þjónsins og hlaut af því líkamstjón.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð sem vinnuveitandi þess starfsmanns X sem hafi sýnt saknæma háttsemi sem leiddi til tjóns M, en sá starfsmaður hafi átt að gæta betur að sér þegar hann sneri sér við með þeim hætti sem hann gerði. Starfsmenn X í veitingasal eigi að gera ráð fyrir umferð viðskiptavina og verði því að sýna sérstaklega mikla aðgæslu þegar þeir ganga um salinn eða snúa sér við með þeim hætti sem þjónn í störfum sínum hjá X gerði í umrætt sinn. Þá vísar M til þess að á X hvíli strangar skyldur sem umráðamanns fasteignar þar sem rekin er verslun eða þjónusta og tiltekur nokkra dóma Hæstaréttar Íslands um skaðabótaábyrgð vegna slíks umbúnaðar, máli sínu til stuðnings.

V vísar til upplýsinga frá X um atvikið. Þar kemur fram að starfsmaður X hafi staðið við svokallaða þjónastöð á veitingastaðnum og hafi þar verið að sinna verkefnum sínum. Þegar sá hafi snúið sér við hafi M rekist beint á hann og þeir því rekist saman. V tekur undir sjónarmið X um að umrætt atvik verði ekki rakið til gáleysis starfsmanns X heldur hafi verið óhappatilvik að ræða sem enginn ber ábyrgð á. V telur einnig ósannað að tilhögun á veitingastað X hafi verið þannig að skapast hafi tjónshætta af. Auk þess bendir V á að tilvísun M til dóma vegna umbúnaðar fasteigna og skyldna þar um eigi ekki við í málinu.

Álit.

Í málinu er ágreiningslaust að M og starfsmaður X rákust saman í veitingasal á veitingastað X og kveðst M hafa hlotið af því líkamstjón. Af lýsingum hvors um sig verður ekki annað ráðið en að það hafi gerst snögglega, án þess að hvor um sig hafi haft ráðrúm til að koma í veg fyrir samstuðið. Ekki verður séð að aðstæður hafi verið þannig að starfsmaður X hafi átt að bera sig öðruvísi að þegar hann sneri sér við eða að hann hafi á annan hátt sýnt gáleysi við störf sín. Telst atvikið hafa orðið vegna óhappatilviks en ekki vegna aðstæðna eða atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 22. nóvember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.